

Skýrsla stjórnar starfsárið 2008 – 2009.

Á þessu starfsári voru haldnir fjórir fræðslufundir.

- 1) Maí 2008; Aðalfundur og fræðslufundur. Fyrirlesari var Sjöfn Kristjánsdóttir meltingarsérfræðingur og fjallaði hún um meltingarsjúkdóma og krabbamein.
- 2) Okt. 2008; Fyrirlesari var Sigurður Einarsson meltingasérfræðingur sem fjallaði um nýjungar í greiningu og meðferð.
- 3) Nóv. 2008; Fyrirlesari var Hrefna Ólafsdóttir félagsráðgjafi.
- 4) Feb. 2009; Fjölskyldu- og makafundur. Feðgarnir Gísli Jóhannesson og Gunnar Gíslason voru fyrirlesarar.

Stjórnarfundir voru níu talsins auk nokkurra vinnufunda við að senda bæklinginn okkar út og við undirbúning norðurlandafundar innan Efcca sem að þessu sinni er í okkar umsjá.

Síðasta sumar sendum við bæklinginn okkar út til allra spítala, meltingarsjúkdómalækna, heilsugæslustöðva og apóteka á landinu.

Einnig fengum við matarbækling um matvælaheiti á norðurlandafundinum (frá Coop Norden) og sendum hann til allra félagsmanna.

Lokið er vinnu við fræðslubækling fyrir skóla. Gerð hans er styrkt af Abbott og næsta skref er að senda hann prentun og svo dreifingu um allt land.

Tveir fulltrúar úr stjórninni mættu á IBD-skólann sem meltingardeild St. Jósefsspítala í Hafnarfirði stendur fyrir og kynntu CCU-samtökin.

Barnaspítali Hringins stóð fyrir fræðslufundi fyrir börn, unglunga og aðstandendur þeirra og tveir stjórnarmeðlimir CCU mættu og kynntu samtökin.

Félag hjúkrunarfræðinga var með fræðslufund um CCU-sjúkdómana og Svala Sigurgarðarsdóttir mætti þar og hélt fyrirlestur um reynslu sjúklings af meðferð.

CCU-ungliðaspilið er enn í vinnslu.

Viðtal við Önnu Lind var birt í Morgunblaðinu þann 14. október og var það mjög vel heppnað og vakti athygli á sjúkdómunum og samtökunum.

Eitt aðalverkefnið okkar þetta starfsárið er að koma heimasíðunni í lag. Það ferli hófst með því að við skiptum um hýsingu og fengum mann til að koma síðunni á koppinn. Það kom svo í ljós að þetta gekk ekki nógu vel og nú erum við aftur komin á byrjunarreit. Landsbankinn samþykkti að styrkja samtökin með því að hýsa nýja síðu endurgjaldslaust og vinna við uppsetningu er komin af stað. Abbott er einnig að aðstoða okkur með þýðingu á efni á heimasíðuna og við uppsetningu hennar. Vonum við að þetta gangi allt vel í þetta skiptið og síðan verði komin í notkun sem fyrst.

Stjórn CCU-samtakanna.